

1980 nr. 94 31. desember
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum

Tóku gildi 2. janúar 1981. Breytt með: L. 24/1990 (tóku gildi 18. maí 1990). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd

samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.¹⁾

□ [Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta breytingu á samningnum sem gerð var með samningi 3. ágúst 1989.]²⁾

¹⁾ Sjá Stjótt. A 1980, bls. 241–344, sbr. l. 24/1990, 3. gr. ²⁾ L. 24/1990, 1. gr.

■ **2. gr.**

□ [Ákvæði samningsins með áorðnum breytingum skulu hafa lagagildi hér á landi.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 24/1990, 2. gr. ²⁾ Augl. C 19/1981 og 12/1982.

■ **3. gr.**

□ [Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 85. gr.